# Bréfabók skólanefndar 1908-1914

Aðfnr. 89

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Bréfabók skólanefndar

1908
:
1914

.077.2 - .851

89

...pir-Buch

№

Angefangen 27.8. 1908
Beendet 19. 6 1914

516-500

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
89.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur

27. ágúst 1908

1

Hjer með tilkynnist yður, að skólanefnd Reykjavikur hefur á fundi i dag ákveðið að veita yður kennslu i barnaskóla kaupstaðarins næsta vetur. En seinna verður það ákveðið i samráði við skólastjórann hve margar kennslustundir þjer fáið á viku hverri.-

Herra Konráð Hjálmarsson, Þingskálum.

Rangárvallasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur

27. ágúst 1908

1

Hjer með tilkynnist yður,að skólanefnd Reykjavíkur hefur á fundi í dag ákveðið að veita yður kennslu í barnaskóla kaupstaðarins næsta vetur.En seinna verður það ákveðið í samráði við skólastjórann hva margar kennslustundir þjer fáið á viku hverri.-

Herra Konráð Hjálmarsson , Þingskálum.

Rangárvallasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur

27. ágúst 1908

2

Hjer með tilkynnist yður, að skólanefnd Reykjavikur hefur á fundi í dag ákveðið að veita yður stundakennslu í barnaskóla kaupstaðarins næsta vetur samkvæmt umsókn yðar. Hinsvegar var ekki nú þegar hægt að ákveða hve margra klukkustundakennslu þjer gætið fengið á viku hverri, heldur verður það seinna ákveðið í samráði við skólastjórann.-

Herra barnakennari Sigurbjörn Sveinsson. Bolungarvik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur

27. ágút 1908

3

Hjer með tilkynnist yður, að skólanefnd Reykjavikur hefur á fundi i dag synjað yður um stundakennslu við barnaskola kaupstaðarins næsta vetur.-

Úngfú Stefania Jónsdóttir , Búrfelli.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur

27. ágúst 1908

4

Hjer með til kynnist yður, að skólanefnd Reykjavíkur hefur á fundi í dag hafnað umsókn yðar um að taka að yður stundakennslu við barnaskóla kaupstaðarins næsta vetur.-

Frú Sigríður Þ. Thorlacius frá Glaumbæ í Skagafirði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrólanefnd Reykjavikur

31 . ágúst 1908

5

Á fundi 27. þ.m. ályktaði skólanefnd Reykjavikur, að heimila foreldrum að láta börn sin á skólaaldri njóta fræðslu i Landakotsskólanum,án þess umsókn um undanþágu þyrfti að senda fyrir hvert barn,næsta vetur,þetta þó með nánara tilteknum skilyrðum.Jeg sendi hjer með eptirrit af þessari ályktun skólanefndarinnar og leyfi mjer að vænta að yður vildi þóknast að senda mjer eða skólanefndinni fyrir 20. sept. skýrslu um,hver börn sæki skólann,er jafnframt tilgreini foreldra þeirra,aldur og heimili.-

Velæruverði herra prestur Meulenber , Landakoti.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur

31. ágúst 1908



Jeg sendi yður, herra skólakennari, hjer með eptirrit af ályktun, er skólanefndin gjörði á fundi 31. þ.m. um, að börn mættu sækja skóla yðar næsta vetur, án þess til þess að fá undanþágu fyrir hvert barn- þetta þó með vissum tilteknum skilyrðum.-

Jafnframt því að tilkynna þetta vænti jeg þess, að þjer sendið skólanefndinni fyrir 20. sept. næstkomandi skýrslu um, hver börn gangi í skólann, og sje jafnframt tilgreint heimili þeirra, aldur og hverjir foreldrar sjeu.-

Herra skólakennari Ásgrímur Magnússon ,

Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur 31. ágúst 1908

Hjer með tilkynnist yður, að skólanefnd Reykjavikur hefur á fundi 27. þ.m. ákveðið að veita yður stundakennslu í barnaskóla kaupstaðarins á vetri komandi.- Seinna verður það í samráði við skólastjórann ákveðið hve margar kennslustundir þjer fáið á viku hverri.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S k ó l a n e f n d  R e y k j a v í k u r

31. ágúst 1908

8

Á fundi 27. þ.m. synjaði skólanefndin umsókn yðar um að fá stundakennslu við barnaskólann næsta vetur.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra Valdemar Erlendsson , Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S k ó l a n e f d R e y k j a v i k u r
31. ágúst 1908

9

Á fundi 27. p.m. ákvað skólanefnd Reykjavikur, að hún ekki gæti orðið við ósk yðar um að fá stundakennslu við barnaskóla kaupstaðarins næsta vetur.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra cand. theol. Þorsteinn Björnsson.
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur

31. ágúst 1908

10

Á fundi 27.þ.m. ákvað skólanefnd Reykjavikur,að hún ekki gæti orðið við ósk yðar um að fá stundakennslu við barnaskólann á vetri komandi.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra Gísli Hinriksson , Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanend Reykjavikur

31. ágúst 1908

11

Á fundi 27. þ.m. ákvað skólanefnd Reykjavikur, að hún ekki gæti orðið við ósk yðar um, að veita yður stundakennslu við barnaskóla kaupstaðarins á vetri komandi.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Ungfrú Ragnheiður Blöndal , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S k ó l a n e f n d  R e y k j a v i k u r

31 .ágúst 1908

12

Á fundi 27. þ.m. ályktaði skólanefnd Reykjavikur, að borga skyldi jafnt fyrir stundakennslu i Handavinnu við barnaskóla kaupstaðarins, sem fyrir kennslu i öðrum námsgreinum.-

Þetta tilkynnist yður, háttvirta frú, hjer með.-

Frú Magnea Jóhannesen., Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur

31 ágúst 1908

13.

Á fundi 27. þ.m. tók skólanefnd Reykjavíkur fyrir erindi yðar um að fá undanþágu frá að láta barn yðar á skólaaldri ganga í barnaskóla kaupstaðarins, og jafnframt, að það mætti njóta kennslu í skóla Þorleifs Jónssonar.- Skólanefndin gat ekki veitt þessa undanþágu að þessu sinni, af því hana vantaði allar upplýsingar um, hvernig varið væri skóla nefnds Þorleifs Jónssonar og hverjar fræðigreinar væru þar kenndar.-

Þetta tilkynnist yður hjer með, að því viðbættu að senda verður skólanefndinni skýrslu um skóla þennan, ef hún á að geta gefið leyfi til að börn á skólaaldri gangi í hann í staðinn fyrir í barnaskóla kaupstaðarins.-

Herra Páll Mattíasson , Vesturgötu [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10.des.1908

14

Samkvæmt upplýsingum þeim, er jeg hefi fengið, hefur stúlkubarn að nafni Jensína Guðrún Jóhannesdóttir, er í fyrra átti heima Lindargötu nr.13, en nú mun eiga heima innst á Grettisgötu ekki komið í barnaskólann og nýtur ekki heldur kenslu í heimahúsum þeirrar er skólanefndin hefur tekið gilda og gefið leyfi til. Foreldrar barnsins hafa neitað að senda það í skólann þótt þeir hafi verið aðvaraðir um það. Þetta leyfi jeg mjer sem formaður skólanefndarinnar að tilkynna yður, herra bæjarfógeti, og mælast til, að þjer látið rannsaka þetta og reynist það rjett, þá að komið verði fram ábyrgð á hendur foreldrum barnsins fyrir það brot gegn lögum um fræðslu barna 22.nóv.f.á., og að dagsektum verði beitt ef með þarf til þess að þvinga foreldrana til að senda barnið í barnaskólann, ef því er ekki útveguð heimakennsla sem skólanefndin tekur gilda.-

Til Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur

10.des,190[illegible]

Samkvæmt skýrslum þeim er skólanefndinni hafa borizt,hefur stúlkubarnið Elísabet Árnadóttir,er áður átti heima í Árnahúsi við Óðinsgötu og nú á heima í Grettisgötu 24,ekki komið í barnaskóla bæjarins enda þótt hún sje á skólaskyldum aldri og heldur ekki fengið undanþágu hjá skólanefndinni til að njóta kennslu í heimahúsum.Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjarfógeti,og mælast til,að þjer vilduð rannsaka hvort þetta er rjett og beita hinum lögskipuðu þvingunarmeðölum til þess að knýja foreldrana til að útvega barninu hina lögskipuðu fræðslu. Og ef þau tregðast við að gjöra það,vænti jeg að ábyrgð verði komið fram á hendur þeim.

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur 25. marz 1909

16

Kennslukonan Maren Pjetursdóttir i Reykjavik hefur tjáð skólanefndinni, að hún ætla að sækja um, að mega verða nemandi við. við kennaranámsskeiðið, sem haldið verður hjer i bænum á þessu vori og hefur hún beiðst meðmæla skólanefndarinnar til þeirrar umsóknar.

Skólnefndin gefur hjer með nefndri kennslukonu sin beztu meðmæli til þess.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

14. april 1909

17

Mjer hefur gleymzt að tilkynna yður, að skólanefnd bæjarins hefur á fundi 5. þ.m. samþykkt að verða við ósk yðar um að mega fara frá skólanum til útlanda 20.þ.m., til að dvelja á skóla erlendis. Leyfið er þó bundið því skilyrði, að próf í námsgreinum þeim, er þjer kennið við skólann, verði haldið áður en þjer farið, og að þjer útvegið í yðar stað kennara, er skólastjóri tekur gildan, það sem eptir verður af námstímanum.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Ungfrú Laufey Vilhjálmsdóttir , Rauðará.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. April 09



Stjórnarráðið hefur með brjefi dags. 1a þ.m. skipað eptirnefnda menn og konur til að vera prófdómara við vorpróf í barnaskóla Reykjavíkurbæjar:

1. Böðvar Kristjánsson kandidat
2. Jón Ófeigsson — — : —
3. Jón Þorvaldsson — : —
4. Frk. Thora Friðriksson
5 sjera Jóhann Þorkelsson dómkirkjuprest
6. — : — Janus Jónsson
7. Þórð Jensson ritara í Stjórnarráðinu
8. Mag. Ágúst Bjarnason
9. skólastjóra Ólaf Eyjólfsson
10. Magnús Einarsson, dýralækni
11. Stefán Eiríksson kennara (í slöjd og teikning)
12. Frk. Kristrúnu Hallgrímsson í (söngfr. og söng)
13. Frú Katrínu Sigfússon (handavinnu stúlkna)

Jafnframt er þess vænst, að börn þau, er notið hafa tilsagnar í vetur í barnadeild kennaraskólans taki vorpróf undir eptirliti einhvers hinna ofannefndra manna.

Ennfremur eruð þjer beðnir um, að aðvara foreldra þeirra fáu barna á skólaskyldualdri, er fengið hafa leyfi til að fara úr skólanum í vetur, um að þau verði að láta börnin mæta við prófið.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur 16. April '09.

~~6~~
~~20~~
19

Stjórnarráðið hefur með brjefi dags. 10. þ. m. skipað eptirnefnda menn til að vera prófdómara við vorpróf í skóla yðar:
sjera Guðmundur Helgason
Adjunkt Jóhannes Sigfússon
— " — Þorleifur Bjarnason
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur 20. maí 1909

Skólanefndinni hefur verið skýrt frá því, að á heim-
fram
ili yðar, herra kaupmaður, hafi farið kennsla á börnum á skóla-
skyldum aldri næstliðinn vetur, er ekki hafi komið til hins
lögskipaða prófs. Áður en frekara verður gjört út af þessu óska
jeg að þjer komið til viðtals við mig sem formann skólanefnd-
arinnar.-

Herra kaupmaður Björn Simonarson , Vallarstræti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkurkaupstaðar.

5. ágúst 1909

21

Jeg sendi yður, herra menntamálaráðunautur, skýrslur um próf næstliðið vor í skóla Ásgríms Magnússonar kennara hjer í bænum ásamt álitsskýrslum prófdómendanna.-

Ennfremur sendi jeg yður hjer með skýrslu um próf tveggja utanskóladrengja, er eptir fyrirlagi skólanefndarinnar voru prófaðir heima hjá sjer, þar sem þeir ekki höfðu mætt í barnaskólanum til prófs, eins og fyrirskipað hafði verið.-

Herra menntamálaráðunautur Jón Þórarinsson, Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkurkaupstaðar.-

5. ágúst 1909

Skólanefndinni hefur verið tilkynnt að pilturinn Valdemar Sigurður Briem, sonur fyrverandi kennara Halldórs Briems, 13 ára að aldri, hafi ekki komið til prófs á næstliðnu vori, og heldur ekki tilkynnt nein forföll. Þetta er brot gegn 16. gr. laga 22. nóv. 1907, og leyfi jeg mjer að tilkynna yður það, herra bæjarfógeti, til meðferðar eptir því, sem yður þykir við eiga.-

Til Bæjarfógeta Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. ágúst 09



Jeg sëndi yður, herra skólakennari, hjer með eptirrit af ályktun, er skólanefndin gjörði á fundi 7. ágúst þ. á. um, að börn mættu sækja skóla ytra næsta vetur, án þess til þess að fá undanþágu fyrir hvert barn — þetta þó með vissum tilteknum skilyrðum.

Jafnframt því að tilkynna þetta vænti jeg þess, að þjer sëndið skólanefndinni fyrir 20. sept. næstkomandi skýrslu um, hver börn gangi í skólann, og sje jafnframt tilgreint heimili þeirra, aldur og hverjir foreldrar sjeu. –

Herra
skólakennari Ásgrímur Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. ágúst 1899

24.

Á fundi 7. þ.m. ályktaði skólanefnd Reykjavíkur, að heimila foreldrum að láta börn sín á skólaaldri njóta fræðslu í Landakotsskólanum, án þess umsókn um undanþágu þyrfti að senda fyrir hvert barn, næsta vetur, þetta þó með nánara tilteknum skilyrðum. Jeg sendi yður hjer með eptirrit af þessari ályktun skólanefndarinnar og leyfi mjer að vænta að yður vildi þóknast að senda mjer eða skólanefndinni fyrir 20. september skýrslu um, hver börn sæki skólann, og jafnframt tilgreini foreldra þeirra, aldur og heimili.-

Velæruverðugi
herra prestur Meulenberg Landakoti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur

9.ágúst 1909

Hjer með tilkynnist yður,að skólanefnd Reykjavikur hefur á fundi 7.þ.m. ákveðið að veita yður stundakennslu i barnaskóla kaupstaðarins á vetri komandi.Seinna verður það i samráði við skólastjórann ákveðið hve margar kennslustundir þjer fáið á viku hverri.-

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur

9.ágúst 1909

Hjer með tilkynnist yður að skólanefnd Reykjavikur hefur á fundi 7.þ.m. ákveðið að veita yður stundakennslu í barnaskóla kaupstaðarins á vetri komandi, svipaðan stundafjölda á viku hverri sem næstliðinn vetur.-

Páll Einarsson

Ungfrú
Sigurbjörg Þorláksdóttir, Bókhlöðustíg 9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur

9. ágúst 1909

Á fundi 7. þ.m. ákvað skólanefnd Reykjavíkur, að hún ekki gæti orðið við ósk yðar um að fá stundakennslu við barnaskóla kaupstaðarins næsta vetur.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Páll Einarsson

Herra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur 21. sept. 1909

Hjer með tilkynnist yður, háttvirta úngfrú, að skólanefndin hefur veitt yður fasta kennarastöðu við barnaskóla bæjarins með 1000 króna árslaunum frá 1. okt. þ.a. að telja. Launin verða greidd yður mánaðarlega fyrirfram fyrir hvern mánuð af bæjargjaldkeranum.-

Veitingabrjef fyrir stöðunni verður yður sent seinna.

Úngfrú Laufey Vilhjálmsdóttir , Rauðará.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur 21. sept. 1909

30

Hjer með tilkynnist yður,hattvirta úngfrú,að skólanefndin hefur veitt yður fasta kennarastöðu við barnaskóla bæjarins með 1000 króna árslaunum frá 1.okt. þ.a. að telja. Launin verða greidd yður mánaðarlega fyrirfram fyrir hvern mánuð af bæjargjaldkeranum.-

Veitingarbrjef fyrir stöðunni verður yður sent seinna.

Úngfrú Thóra Friðriksson , Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
11.okt.1909

113

Stjórn barnaskólans hefur á fundi 6.þ.m. samþykkt að veita yður, herra skólakennari 100 króna þóknun fyrir yfirstandandi skólaár fyrir heimavinnu við að leiðrjetta ritgjörðir og stíla úr bekkjum þeim, sem þjer kennið íslenzku í.

Þetta tilkynnist hjer með.-

Herra
barnakennari Hallgrímur Jónsson, Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1909

Hjer með tilkynnist yður, herra skólastjóri, að skólanefndin hefur veitt Hallgrími kennara Jónssyni 100 kr. aukaþóknun yfirstandandi skólaár fyrir heimavinnu við leiðrjettingu stíla og tilgjörða.-

Herra

skólastjóri Morten Hassen.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

[illegible]

Hjer með er lagt fyrir yður herra bæjargjaldkeri, að greiða herra skólastjóra Morten Hansen [illegible] kr. [illegible] árlega fyrir ræsting barnaskólans [illegible] að telja, og framvegis þar til breyting [illegible]

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur

20. des. 1909 362

Með heiðruðu brjefi dags. 4. f.m. hafið þjer ásamt 14 öðrum kennurum farið þess á leit, að fá aukaborgun fyrir heimavinnu við æfingar þær, er þjer hafið við barnaskóla Reykjavíkur. Erindi þetta hefur skólanefndin tekið til íhugunar en ekki sjeð sjer fært að veita neina aukaþóknun fyrir heimavinnu á þessu skólaári. En hinsvegar mun nefndin taka málefni þetta til íhugunar áður en næsta skólaár byrjar, og ef nefndin sjer sjer það fært fjárhagsins vegna, mun hún verða fús til að verða að einhverju leyti við óskum kennaranna í þessu efni.

Þetta eruð þjer beðinn um, að tilkynna kennurum þeim, er hafa undirskrifað erindið ásamt yður.

Herra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

33

Skólanefnd Reykjavíkur

[illegible].des.1909

Mjer hefur gleymst að tilkynna yður það, herra málfærslumaður, að erindi yðar 13.sept.þ.á., um að fá undanþágu frá því að unglingurinn Valborg Nielsen þurfi að ganga á barnaskólann í vetur, hefur skólanefndin svarað á þá leið, að hún vill veita undanþáguna með því skilyrði, að hún fái lögboðna fræðslu heima í vetur og mæti til vorprófs í barnaskólanum á næsta vori, og að þjer ábyrgist, að þessu verði fullnægt.-

Herra

málfærslumaður Einar M. Jónasson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

11. júní 1910

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst fyrir hönd skólanefndar Reykjavíkur að sækja um, að barnaskóla kaupstaðarins verði veittur úr landssjóði tiltölulegur styrkur af fje því, sem á fjárlögunum er veittur sem styrkur til barnaskóla í kaupstöðum fyrir yfirstandandi ár.

Jafnframt leyfi jeg mjer að senda hjer með eptirgreindar skýrslur skólanum viðvíkjandi frá síðastliðnu skólaári :

1, Ágripseptirrit úr bæjarsjóðsreikningnum árið 1909, er sýnir hve mikið hefur verið greitt til barnaskólans það ár, og er þess jafnframt getið, að þar með eru ekki taldir vextir og afborgun af láninu, sem tekið var á sínum tíma, til að byggja barnaskólahúsið.

2, Skýrslur um vorprófið í barnaskólanum, með tilheyrandi prófdómendavottorðum.-

3, Töflu, er sýnir vikustundir námsgreinannna.

4, Skrá yfir kennara skólans, með tilgreindum kennslustundafjölda hvers þeirra, og er getið, að þrír kennarar skólans voru fastir það ár, en hinir tímakennarar, sem ráðnir voru fyrir skólaárið.

5, Skýrslu um ný kennsluáhöld, er keypt voru á árinu.

6, skýrslu um barnafjölda í skólanum skólaárið.-

Loks get jeg þess að sklóinn byrjar 1. okt. ár hvert og endar 14. maí.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

35

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

11. júni 1910.

Jeg endursendi yður, herra fræðslumálastjóri, hjer með vottorð prófdómenda þeirra ,er stjórnarráðið hafði skipað til að vera við próf i barnaskóla Ásgrims Magnússonar vorið 1909, en vottorð þetta senduð þjer mjer með brjefi dags. 17. ágúst f.á.-

Til fræðslumálastjóra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11. júli 1910



Með brjefi dags. 3. mai þ.á. hefur stjórnarráðið sent mjer erindi umsjónarmanns fræðslumálanna, dags. 3. mai þ.á., þar sem hann beiðist álits og úrskurðar stjórnarráðsins um það, hvort timakennarar barnaskóla Reykjavikur sjeu gjaldskyldir til styrktarsjóðs handa barnakennurum, er stofnaður var með lögum 9. júli f.á., og beiðist stjórnarráðið að fá skýrslu mina um ráðningarkjör timakennaranna, sem og álit skólanefndar kaupstaðarins um gjaldskyldu kennara þessara.-

Skólanefndin hefur tekið nefnt erindi fræðslumálastjórans til athugunar og var öll samdóma um, að timakennarar barnaskólans væru gjaldskyldir til styrktarsjóðsins. Kennarar þessir eru allir ráðnir samkvæmt fræðslulögunum. Ráðning þeirra er skrifleg, þannig að þeir sækja skriflega um kennsluna og fá skriflegt svar skólanefndarinnar. Laun þeirra eru 60- 90 aura fyrir hverja kennslustund, og allir hafa þeir meiri laun, en tiltekin eru i 23. gr., 3 fræðslulaganna. Þeir eru ráðnir til eins skólaárs i einu og má þar af leiðandi lita svo á, að uppsagnarfresturinn sje fyrirfram ákveðinn, ef annars hægt er að tala um uppsagnarfrest þegar um algjörlega timabundinn samning er að ræða.-Annars skal þess getið, að skólanefndin hefur i hyggju að breyta þessu atriði i samningunum við timakennarana, þannig að þeir verði ráðnir frá ri til árs, með einhverjum hæfilegum uppsagnarfresti.-

Nefnt erindi fræðslumálastjórans endursendist.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur 1. sept. 1910.

Hjer með tilkynnist yður, herra cand. theol. að skólanefnd Reykjavíkur hefur á fundi í gær veitt yður fasta kennarastöðu við barnaskóla bæjarins frá 1. okt. næstkomandi. Árslaunin eru 1000 kr., og eruð þjer fyrir það kaup skuldbundinn til að kenna 30 klukkustundir á viku. Skipunarbrjef mun verða sent yður seinna .-

Herra cand. theol. Bjarni Hjaltested , Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Umsjónarmaður fræðslumálanna hefur með brjefi, dags. 16. þ.m. skrifað mjer svolátandi:
„Stjórnarráðið hefur hinn 8. þ.m. veitt barnaskóla Reykjavíkur af fje því, sem með fjárl. 14. gr. B. VIII. b. 1. er ætlað barnaskólum, kr. 3650.00. – Frá þessari upphæð er dregið ellistyrktarsjóðstillag kennara:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Skólastjóra Morten Hansens | kr. 40.00 |
| 2. | Kennara Sigurðar Jónssonar | „ 30.00 |
| 3. | — . — Laufeyjar Vilhjálmsdóttur | „ 15.00 |
| 4. | — . — Önnu Magnúsdóttur | „ 4.64 |
| 5. | — . — Bergljótar Lárusdóttur | „ 4.29 |
| 6. | — . — Bjarna Hjaltested | „ 13.47 |
| 7. | — . — Brynjólfs Magnússonar | „ 3.61 |
| 8. | — . — Elínar Matthíasdóttur | „ 9.69 |
| 9. | — . — Guðlaugar Arason | „ 14.17 |
| 10. | — . — Guðmundar Davíðssonar | „ 4.97 |
| 11. | — . — Guðrúnar Daníelsdóttur | „ 11.27 |
| 12. | — . — Halldóru Matthíasdóttur | „ 4.49 |
| 13. | — . — Hallgríms Jónssonar | „ 14.83 |
| 14. | — . — Ingibjargar Guðbrandsdóttur | „ 10.58 |
| 15. | — . — Ingibjargar Sigurðardóttur | „ 10.06 |
| 16. | — . — Jónasar Jónssonar | „ 4.11 |
| 17 | — . — Jörundar Brynjólfssonar | „ 3.77 |
| 18. | — . — Kristínar Aradóttur | „ 12.81 |
| 19. | — . — Magneu Johannessen | „ 7.92 |
| | Fl. | kr. 219.68 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20. Mörtu Stephensen | kr. | 11.81 | 11.81 |
| 21. Margrjetar Þorkelsdóttur | " | 11.58 | 11.58 |
| 22. Matthíasar Þórðarsonar | " | 13.36 | 13.36 |
| 23. Rögnu [?] Stephensen | " | 8.19 | 8.19 |
| 24. Steindórs Björnssonar | " | 3.64 | 3.64 |
| 25. Soffíu Jónsdóttur | " | 8.43 | 8.43 |
| 26. Sigurbjarnar Sveinssonar | " | 3.57 | 3.57 |
| 27. Sigurbjargar Þorláksdóttur | " | 11.58 | 11.58 |
| 28. Þuríðar Jóhannsdóttur | " | 9.39 | 9.39 |
| Samtals | kr. | 301.23. | |

og kemur þannig til útborgunar kr. 3348.77, en skólanefndinni ber að vitja hjá landssjóði. –

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra gjaldkeri, er hér með lagt fyrir yður, að útborga [illegible] úr landssjóði áðurgreindar kr. 3348.77, og að innheimta hjá kennurunum tillag þeirra til Styrktarsjóðsins, og ber einnig að telja það, sem tillag úr landssjóði til skólans. Gjaldið má taka af launum þeirra, að svo miklu leyti þeir [illegible] [illegible] skól-[illegible]. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur
21. sept. 1910.–

Hjer með tilkynnist yður, herra landssjóðsgjaldkeri, að jeg hef falið bæjargjaldkera Reykjavíkur, að veita móttöku úr landssjóði styrk þeim, er veittur er til barnaskóla Reykjavíkur úr landssjóði, yfirstandandi ár, og kvittar hann fyrir styrknum fyrir hönd skólanefndarinnar.–

Til
Gjaldkera landssjóðs.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur

20.júní 1911.-

Skólanefnd Reykjavikur leyfir sjer hjer með virðingarfyllst að senda stjórnarráðinu skýrslu um barnaskóla Reykjavikur skólaárið 1910-1911 með 26 fylgiskjölum, og ennfremur skýrslu um kostnaðinn við skólahaldið árið 1910. Með skirskotun til skjala þessara, leyfir skólanefndin sjer að fara þess á leit að skólanum verði veittur tiltölulegur styrkur af fje því, sem á þessu ári er veitt á fjárlögunum til barnaskóla i kaupstöðum.-

Til

Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B a r n a s k ó l i n n

Þeir sem óska að fá ókeypis kennslu í barnaskóla Reykjavíkur næsta vetur fyrir börn yngri en 10 ára sendi umsókn um það til borgarstjóra fyrir 25.ágúst næstkomandi.Umsóknum er seinna koma verður ekki sinnt.-

Skólanefndin.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur 17. maí 1912.

Jeg hef meðtekið erindi yðar og þriggja annara kennara barnaskólans, dags. 11. þ.m., þar sem þið farið þess á leit, að þið fáið greiddar úr skólasjóðnum 252 kr. fyrir að reikna út einkunnir og innfæra þær í einkunnabækur og dagbækur skólans.-

Þessi vinna hefur að undanförnu eða um næstliðin ár verið borguð með 125 kr.- Nú er það að vísu svo, að vinnan við útreikning þennan hefur aukist nokkuð við það að börnum skólans hefur fjölgað, En jeg get samt ekki fyrir hönd skólanefndarinnar gengið inn á kröfu ykkar að borga þessa vinnu með 252 kr. En hinsvegar samþykki jeg í þetta sinn að greiða ykkur fyrir þetta starf ykkar 160 kr., og að auki 20 kr. fyrir vinnu ykkar við samning skýrslna þeirra, er sendast eiga fræðslumálstjórninni um skólann næstliðið skólaár og ársprófið.-

Herra skólakennari Sigurður Jónsson, Laufásvegi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sem formaður skólanefndar Reykjavíkur leyfi jeg mjer að senda stjórnarráðinu hjer með skýrslu um kennslu í barnaskóla Reykjavíkur skólaárið 1911-1912, með 36 fylgiskjölum.-

Jafnframt leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að skólanum verði veittur tiltölulegur hluti af styrk þeim, sem á hinum nú-gildandi fjárlögum er veittur til barnaskóla í kaupstöðum landsins.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur

18. júní 1912.

Skólanefndin hefur á fundi haft til meðferðar umsókn yðar, herra barnakennara dags. 14. f.m. um að fá kennslu í barnaskólanum næsta skólaár, en nefndin sá sjer ekki fært að gefa yður neitt ákveðið loforð um kennslu, að minnsta kosti ekki að svo stöddu.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra barnakennari Helgi Salómonsson , Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Skólanefndar Reykjavíkur.

[illegible]. júlí 1919.

Hjer með tilkynnist yður, að skólanefndin hefur veitt yður leyfi til að fara til útlanda og dvelja þar næsta skólaár, og ætlar skólanefndin að sjá um að kennslustörfum yðar verði gegnt meðan þjer eruð fjarverandi.-

Ungfrú Elín Mattíasdóttir, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þjer hafið, herra fræðslumálastjóri, í brjefi dags. 14. f.m. farið þess á leit að fá ýmsar í brjefinu nánara tilgreindar upplýsingar viðvíkjandi barnaskóla Reykjavíkur. Til þess að verða við þessari ósk yðar sendi jeg yður hjer með :

1, afrit af öllum stundatöflum skólans,

2, töflu, er sýnir vikustundir námsgreina í hverjum bekk og samtals í öllum skólanum,

3, Afrit af kennsluáætlun eða lesskrá skólans.-

Munið þjer af skjölum þessum fá allar þær upplýsingar, er þjer óskið eptir í nefndu brjefi, en til skýringar leyfi jeg mjer þó að taka fram, sem hjer segir :

Afritið af hinum 38 stundatöflum sýnir meðal annars hve lengi er kennt samfleytt í hverri kennslustofu skólans daglega. Þar sem 2 bekkir eru saman um stofu, ber yfirskriptin yfir töflunum með sjer, hvaða bekkir það eru, sem nota sömu stofuna. Leikfimi og söngur eru ávalt í stofum sjer, svo og teikning og náttúrufræði að miklu leyti.-

Á stundatöflu hvers bekkjar er skrifaður aldur barnanna í bekknum, þó kemur það fyrir, að eitt og eitt eða örfá börn eru í sumum bekkjunum ári eldri eða yngri, en þar er skráð.

Kennsluáætlun skólans eða lesskráin er eigi ennþá samþykkt til fulls af skólanefnd, enda eigi fylgt að öllu leyti. Lesskráin er til þess að gjöra nýsamin og er verið að reyna hvernig hún muni gefast.-

Virðingarfyllst

Til Umsjónarmanns fræðslumála Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikningar þeir frá tímakennurum barnskólans, sem fylgðu erindi kennaranna dags. 15. þ.m. hafa verið lagðir fyrir skólanefndina á fundi hennar í gær, og var á sambykkt svohljóðandi ályktun

"Skólanefndin ákvað að kennarar fengju borgun einnig fyrir prófvinnu, er þeir hafa leyst af hendi í april og að reikna skyldi undirbúningstíma eftir sama hlutfalli og gjört var í fyrra (1912) og prófííma sjálfa eftir próftöflunni. Sambykkt var að endursenda reikningana til lagfæringar samkvæmt þessu og borgarstjóra falið að ávísa þeim."

Jafnframt því að tilkynna þetta endursendi jeg kennarafjelaginu 27 reikninga, sem ekki eru samdir í samræmi við hvorki ákvörðun þá, er gjörð var í fyrra nje þessa ályktun, til þess að þeir verði leiðrjettir og get jeg þess, að bæði eru próftímarnir sjálfir sem og undirbúningstímarnir eftaldir á þessum reikningum. Jeg vænti svo að meðtaka reikningana endursamda sem fyrst og lagfærða eins og hjer er bent á og verður þeim þá þegar í stað ávísað. Ella verða þeir úrskurðaðir hver um sig eptir því, sem framnrituð ályktun skólanefndarinnar ákveður.-

Til

Kennarafjelags barnaskóla Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda stjórnarráðinu hjer með skýrslu skólanefndarinnar um barnaskólahald Reykjavikur skólaárið 1912- 1913, og fylgja þessari skýrslu sem fylgiskjöl eptirfarandi skýrslur, er skólanefndin hefur meðtekið frá skólastjóranum :

1, Sýrsla um vorpróf í aðalskólanum, [illegible]
2, Skýrsla um vorpróf í æfingabekk Kennaraskólans,
3, Skýrsla um próf utanskólabarna
4, Tafla, er sýnir vikustundir námsgreina í barnaskólanum skólaárið 1912- 1913.
5, Skýrsla um kennsluáhöld, er skólinn hefur eignast skálaárið 1912- 1913.
6. Skýrsla um laun kennara.-

Jafnframt því að senda þessar skýrslur leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að veittur verði barnaskóla Reykjavikur tiltölul
legur styrkur úr landssjóði fyrir skólaárið 1912- 1913.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur

23. ágúst 1913.

Herra kaupmaður Björn Guðmundsson , Reykjavik.-

Hjer með tilkynnist yður, herra kaupmaður, að skólanefndin hefur gengið að tilboði yðar um að selja barnaskóla Reykjavikur kol á þessu hausti fyrir kr.4,45 hvert skippund. Skólinn þarf allt að 400 skippundum.-

En það er skilyrði af hálfu skólanefndar, að kolin sjeu góð kol í alla staði.-

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur
23. ágúst 1913.

Herra kennari Helgi Salómonsson , Reykjavík.-

Skólanefnd Reykjavíkur hefur samþykkt að gjöra við yður fastan ráðningarsamning sem kennara við barnaskóla Reykjavíkur. Vænti jeg þess að þjer komið bráðlega hingað á skrifstofu mína, til þess að undirskrifa samninginn.-

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur

23. ágúst 1913.

Frú Þjóðbjörg Þórðardóttir, Reykjavik.-

Skólanefnd Reykjavikur hefur samþykkt að gjöra við yður fastan ráðningarsamning sem kennara við barnaskólann frá byrjun næsta skólaárs að telja. Vænti jeg að þjer komið bráðlega á skrifstofu mina, til þess að undirskrifa samning þennan.-

Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur 6. okt. 1913.

Hjer með tilkynnist yður, að skólanefnd Reykjavíkur hefur ráðið yður til bráðbyrgða til að hafa á hendi stundakenslu við barnaskólann á þessum vetri, sjerstaklega í teikningu og handavinnu. Ber yður að snúa yður til skólastjóra og fá að vita hjá honum hve margar stundir yður eru ætlaðar til kennslu.-

Herra kennari Guðmundur Jónsson, Barnaskólanum.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur 6. okt. 1913.

Hjer með tilkynnist yður, að skólanefnd Reykjavíkur hefur ráðið yður til að hafa á hendi stundakennslu í barnaskólanum til bráðabyrgða næsta vetur. Ber yður að snúa yður til skólastjórans og fá að vita hjá honum hve margar kennslustundir þjer eigið að kenna.-

Meðmælaskjöl þau, er fylgðu umsóknum yðar um kennsluna 1912 og 1913 endursendast yður hjer með og óska jeg að fá viðurkenningu yðar fyrir að hafa fengið þau endursend.-

Ungfrú Ingibjörg Benediktsdóttir, Þingholtsstræti 33. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur 29. des. 1913.

Hjer með tilkynnist yður, háttvirta úngfrú, að skólanefnd Reykjavikur hefur að fengnu samþykki bæjarstjórnarinnar samþykkt að hækka kennaralaun yðar úr 1000 kr. upp í 1200 kr. árlega frá 1. jan. næstkomandi að telja.-

Úngfrú Layfey Vilhjálmsdóttir , Rauðará.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S K Ó L A N E F N D  R E Y K J A V Í K U R

G j ö r i r  k u n n u g t , að hún með brjefi þessu skipar herra stundakennara Jörund Brynjólfsson í Reykjavík sem fastan kennara við barnaskóla Reykjavíkur frá 1. jan. 1914 að telja með 1000 kr. árslaunum. Fyrir kaup þetta ber honum að kenna 30 stundir á viku hverri, inna af hendi alla vinnu við próf, sem honum kann að verða á hendur falin, sem og aðstoð við skýrslugerð um p[illegible], og hafa á hendi umsjón þá í skólanum, sem skólastjóri felur honum.-

Ber honum að stunda kennarastarf sitt með alúð og kostgæfni, hlýða fyrirmælum skólanefndar og skólastjóra um allt, sem snertir kennarastarf hans og í einu sem öllu breyta sem heiðvirðum og góðum skólakennara vel sæmir.-

Reykjavík 31. des. 1913.

S k i p u n a r b r j e f

[illegible] un [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur 31. des. 1913.

Hjer með tilkynnist yður, herra skólakennari, að skólanefnd Reykjavikur hefur orðið við ósk yðar og skipað yður fastan kennara við barnaskóla bæjarins frá 1. janúar næstkomandi að telja með 1000 kr. árslaunum.- Sí[illegible]narbrjefið sendist hjer með og jafnframt endursendast yður [illegible]öl þau, er fylgðu umsókn yðar.

Herra skólakennari Jörundur Brynjólfsson, Nýlendug. 23.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S K Ó L A N E F N D  R E Y K J A V I K U R

G j ö r i r  k u n n u g t :Að hún með brjefi þessu skipar herra stundakennara Hallgrím Jónsson í Reykjavík sem fastan kennara við barnaskóla Reykjavíkur frá 1. janúar 1914 að telja með 1200 króna árslaunum.Fyrir kaup þetta ber honum að kenna 30 stundir á viku hverri,inna af hendi alla vinnu við próf,sem honum kann að verða á hendur falin sem og aðstoð við skýrslugjörð um það, og hafa á hendi umsjón þá í skólanum,sem skólastjóri felur honum.-

Ber honum að stunda kennarastarf sitt með alúð og kostgæfni,hlýða fyrirmælum skólanefndar og skólstjóra um allt, sem snertir kennarastarf hans og í einu sem öllu breyta sem heiðvirðum og góðum skólakennara vel sæmir.-

Reykjavík 31. des. 1913

S k i p u n a r b r j e f

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur 31. des. 1913.

Hjer með tilkynnist yður, herra skólakennari, að skólanefnd Reykjavíkur hefur orðið við ósk yðar og skipað yður fastan kennara við barnaskóla bæjarins frá 1. jan. næstkomandi að telja með 1200 króna árslaunum.-

Skipunarbrjefið sendist yður hjer með og jafnframt endursendist meðmælaskjal það, er fylgdi umsókn yðar.-

Herra skólakennari Hallgrímur Jónsson, Bergst. 27 a.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur 31. des. 1913.

Hjer með tilkynnist yður, herra skólastjóri, að skólanefndin hefur skipað sem fasta kennara við barnaskólann frá 1. jan. næstkomandi að telja þá stundakennarana Hallgrím Jónsson og Jörund Brynjólfsson, hinn fyrnefnda með 1200 króna launum en hinn síðarnefnda með 1000 kr.- Hef jeg gefið út skipunarbrjef fyrir þá og sent þeim.-

Herra skólastjóri Morten Hansen, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur 31. des. 1913.

Skólanefndin hefur á fundi 28. okt. þ.á. gjört svofellda ályktun :

" Samþykkt var samkvæmt áður kominni ósk frá 30 kennurum skólans, að greiða stundakennurum skólans hálf mánaðarlaun af venjulegu kennslukaupi þeirra fyrir starf þeirra við próf í maímánuði, fyrir prófun, prófdóm, prófundirbúning og yfirhöfuð allt prófstarf, sem áður hefur verið borgað samkvæmt reikningi. Þessi samþykkt nær þó að eins til þeirra kennara, sem kenna þær námsgreinir, sem próf er tekið í, en ekki til leikfimis, skriptar- og handavinnukennara. Verður þeim borgað eins og að undanförnu. En ef einhver þessara kennara kennir aðra námsgrein, sem próf er tekið í — svo sem annar leikfimiskennarinn — fær hann borgun fyrir það starf eins og að undanförnu."

Þetta eruð þjer, herra skólastjóri beðinn um að tilkynna stundakennurum barnaskólans.-

Herra sóklastjóri Morten Hansen , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur 4. febr. 1914.

Það hefur komið fyrir á þessum vetri, að nokkrir foreldrar hjer í bænum hafa gjörst brotlegir gegn lögum um fræðslu barna 22. nóv. 1907, á þann hátt að þau ekki hafa sent börn sinum, sem á skólaskyldum aldri eru eða ekki hafa tekið fullnaðarpróf í skólanum, til náms í skólann og heldur ekki fengið undanþágu skólanefndar til heimiliskennslu. Börn þau, sem vanrækslu hefur verið sýnd með eru helzt þessi :

1. Elís Magnússon, Laugaveg 33, fæddur 2. jan. 1900, hefur vanrækt mjög skólann og ekki tekið fullnaðarpróf.-
2. Erlendur Þorbergsson Björnssonar Grettisgötu 29, fæddur 10. sept. 1899. Hann kom í skóla haustið 1911, en kom ekki til prófs vorið 1912. Var skrifaður aptur í skólaröð haustið 1912, en mætti ekki, hefur þessvegna ekki tekið fullnaðarpróf við skólann.-
3. Guðmundur Guðmundsson frá Ánanaustum. Móðir hans er ekkjan Sigríður Stefánsdóttir. Hann var sjúkur í höfði vorið 1913 og tók ekki próf í vor sem leið. Hann er að vísu nú orðinn 14 ára, en hefur ekki tekið fullnaðarpróf.-
4. Hermannius M. Jónsson Sigurðssonar í Bjarnaborg fæddur 12. júlí 1900, hefur sýnt mikla leti og vanrækslu við námið. Hann tók ekki próf í vor sem leið og hefur ekki tekið fullnaðarpróf.-
5. Karl Ólafsson, Lindargötu 40 fæddur 26. des. 1900. Hann var ekki í skóla seinni part vetrar í fyrra, og hefur ekki tekið fullnaðarpróf.-
6. [illegible] Sigríðsdóttir [illegible] 16, fædd 24. okt. 1900, móðir hennar er Ástríður Sigurðardóttir. Hún var í skóla part

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úr næstliðnum vetri,en kom ekki til vorprófs og hefur því alls ekki tekið fullnaðarpróf og ekki komið í skólann á þessu hausti.

7, Sigurbjörn Arason,Skólavörðustig 10.B. fæddur 10.júni 1899. Hann hefur vanrækt skólann meira og minna á hverju ári,Hafa aðstandendur hans verið margáminntir um að halda honum að námi og sjerstaklega brýnt fyrir þeim og drengnum hve áríðandi það væri að hann læsi undir próf síðastliðið vor og tæki þá fullnaðarpróf,en allt árangurslaust og hefur hann því ekkert fullnaðar-próf tekið.-

8,Sölvi Ólafsson ,Lindargötu 40,fæddur 6. des. 1899.Hann hefur ekki tekið fullnaðarpróf,og ekki komið í skólann í haust.-

9.Þórey Ingibjörg Jónsdóttir,Klöpp Selsholti,fór úr skóla seinni part næstliðins vetrar og hefur ekki svo kunnugt sje tekið fullnaðarpróf.-

Í öllum þeim tilfellum,sem hjer eru nefnd mun mega álita, að foreldrar eða umráðmenn barnanna hafi vanrækt skyldu sina samkvæmt fræðslulögunum og fyrir því sný jeg mjer samkvæmt 6. gr. nefndra laga til yðar,herra lögreglustjóri, og fer þess á leit að þjer rannsakið hvort svo er ekki og komið fram ábyrgð á hendur þeim,sem brotið kunna að hafa,og veitið aðstoð yðar til þess að þvinga foreldra og forráðamann þessara barna til þess i samráði við skólanefndina og á þeirra kostnað að útvega börnum þessum þegar í stað kennslu fullnægjandi til þess að þau geti tekið fullnaðarpróf á næsta vori,og að eptirlit verði haft með því af hálfu lögreglunnar að börnin komi til prófsins.-

Jeg vænti að heyra hið fyrsta frá yður þessu viðvikjandi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur þ. 9. marz 1914

Jeg sendi yður, herra skólastjóri, hjer með brjef verkfræðingafjelags Íslands dags. 4. þ.m. til stjórnarráðsins, þar sem kært er yfir því að metrakerfið sje ekki notað við kennslu í barnaskólanum. Bið jeg yður að láta skólanefndinni í tje skriflega umsögn yðar um þetta, er svo verður send stjórnarráðinu með umsögn skólanefndarinnar, sem stjórnarráðið hefur óskað eptir.-

Herra skólastjóri Morten Hansen, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifsofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. april 1914.

Hjer með tilkynnist yður, herra skólastjóri, að Heimilis-iðnaðarfjelagi Íslands hefur verið veitt leyfi til að nota ókeypis eina stofu i barnaskólahúsinu eptir 14. mai næstkomandi til að hafa þar námsskeið.-

Herra skólastjóri Morten Hansen , Barnaskólanum.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrólanefnd Reykjavikur 22. april 1914.

Hjer með tilkynnist yður, herra umsjónarmaður fræðslumála, að bæjarstjórn og skólanefnd haf veitt leyfi til að Heimilisiðnaðarfjelag Íslands fá ókeypis til afnota eina stofu i barnaskólahúsi bæjarins frá 14. mai næstkomandi, til þess að halda þar námsskeið.-

Þetta eruð pjer beðinn um að tilkynna Heimilisiðnaðarsjelaginu.-

Herra umsjónarmaður Jón Þórarinsson , Laufásveg 34

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri Reykjavikur

22. april 1914.

Með brjefi dags. 7.f.m. hefur stjórnarráðið sent mjer til umsagnar kæru verkfræðingafjelagsins dags. 4.s.m. yfir því að metrakerfið hafi ekki verið notað eingöngu við kennslu í barnaskólanum síðustu árin.-

Til umsagnar þessu erindi leyfi jeg mjer sem formaður skólanefndar Reykjavikur og fyrir hennar hönd að senda brjef skólastjórans dags. 14.f.m. viðvíkjandi notkun metrakerfisins við reikningskennsluna í barnaskólanum. Vænti jeg að ef verkfræðingafjelagi Íslands verður gefinn kostur á að kynna sjer brjef þetta, þá muni það kannast við að nefnd kæra þeirra eða erindi byggist á því, að þeim verkfræðingunum hafi verið ókunnugt um, hvernig reikningskennslunni í barnaskólanum hafi verið hagað. Við nefnt brjef skólastjórans hef jeg engu að bæta öðru en því, að skólanefndin hefur ákveðið, eins og til hefur verið ætlast, að metrakerfið verði eingöngu notað við reikningskennslu í barnaskólanum frá byrjun næsta skólaárs.-

Til stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavíkur 22. apríl 1914.

Erindi ykkar dags.18. f.m. hefur verið tekið til meðferðar af skólanefndinni á fundi hennar 17. þ.m.,og var það samþykkt af skólanefndinni að leikfimisprófið skyldi eins og hingað til hefur tíðkast fra fram í aprílmánuði.-

Sömuleiðis var það samþykkt að standa skyldi óbreytt að öllu leyti ákvörðun skólanefndarinnar á fundi hennar 28.okt. f.á. um borgun til tímakennara fyrir fyrir störf þeirra við vorprófið.-

Til kennaranna Ingibjargar Brands og Steindórs Björnssonar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur þ. 19. júní 1914.

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda stjórnarráðinu hjer með staðfest eptirrit úr gjörðabók skólanefndar Reykjavikur, er hefur inni að halda skýrslu um barnaskóla bæjarins skólaárið 1913-1914. Fylgja eptirriti þessu þessar skýrslur um skólann :

1, Skýrsla um verpróf i aðalskólanum ( 38 arkir )

2, skýrsla um verpróf i barnabekk kennaraskólans 1914

3, skýrsla um próf utanskólabarna i skólahjeraði Reykjavikur

4, Tafla er sýnir vikustundir námsgreina i barnaskólanum frá 14. mai 1913 til 14./5 1914 )

5, Skýrsla um kennsluáhaldakaup i skólanum árið 1913- 1914

6, Skýrsla um laun kennara árið 1913- 1914.

Jafnframt því að senda skýrslur þessar leyfi jeg mjer virðingarfyllst að sækja um að barnaskóla Reykjavikur verði veittur tiltölulegur stýrkur úr landssjóði af fje því, sem á þessa árs fjárlögum er veitt til barnaskóla i kaupstöðum landsins.-

Til stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

428 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A
B
C
D
E
F
G
H
I
K
L
M
N
O
P
Q
R
S
Sch
St
T
U
V
W
Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio | | |
|---|---|---|---|---|
| Ásgrímur Magnússon | Reykjavík | 6 | 19 | 23 |
| Ásgeir Torfason | — — | 26 | | |
| Anna Magnúsdóttir | — — | 26 | | |
| Ásgeir Ásgeirsson | Hvammi | 27 | | |
| Ásmundur Gestsson | Reykjavík | 27 | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
|---|---|---|

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio | | |
|---|---|---|---|---|
| Bjarni Hjaltested prestur | Reykjavík | 7 | 26 | 38 |
| Brynjólfur Þorláksson | Reykjavík | 7 | 26 | |
| Bergljót Lárusdóttir | Reykjavík | 7 | 26 | |
| Brynj. Magnússon | Bergst. str. 23 B | 7 | 26 | |
| Bæjarfógetinn í | Reykjavík | 14 | 15 | |
| Björn Símonarson | Vallarstræti 4 | 29 | | |
| Bæjarfógetinn | í Reykjavík | 22 | | |
| Bæjargjaldkerinn | í Reykjavík | 31 | 40 | |
| Björn Guðmundsson | o. R. | 53. | | |
| Bæjarfógetinn | í Reykjavík | 65 | | |

B C D E F G H I K L M N O P Q R S Sch St T U V W Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
| --- | --- | --- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
|---|---|---|
| | | |

D E F G H I K L M N O P Q R S Sch St T U V W Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio | |
|---|---|---|---|
| Elín Matthíasdóttir | Reykjavík | 7 | 26 |
| Elín V. Andrjesdóttir | Reykjavík | 7 | 26 |
| Einar M. Jónasson | — | 33 | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
|---|---|---|
| ~~Guðm. Davíðsson kennari~~ | | ~~7~~ |
| Fræðslumálastjórinn | Rvík | ~~34~~ |
| Fræðslumálastjórinn | Rvík bl. | 50 |
| Guðm. Jónsson | Rvík | 56 |

F G H I K L M N O P Q R S Sch St T U V W Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio | | |
|---|---|---|---|---|
| Guðm. Davíðsson kennari | | 7 | 26 | |
| Guðlaug Arason | Reykjavík | 7 | 26 | |
| Guðrún Daníelsdóttir | Þingholtsstræti | 7 | 26 | |
| Guðm. Skr. Guðmundsson | | 7 | 26 | 32 |
| Guðrún Blöndal | Reykjavík | 7 | 26 | |
| Gísli Hinriksson | Reykjavík | 10 | | |
| Guðrún Björnsdóttir | frá Gröf | 27 | | |
| Guðríður Jóhannsdóttir | Suðurgötu 8 | 27 | | |
| Gjaldkeri Landsbjörð – | Rvík | 41 | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hallgrímur Jónsson | Reykjavík | 7 | 26 | 30 | 61 | 62. | | | | |
| Halldóra Matthíasdóttir | — " — | 7 | | | | | | | | |
| Helgi Salómonsson | — " — | 48. | 54. | | | | | | | |

H I K L M N O P Q R S Sch St T U V W Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
|---|---|---|

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio | | |
|---|---|---|---|---|
| Ívar Hjálmarsson | Þingskálar, Rangár. | 1 | | |
| Jón Magnússon kennari | | 7 | | |
| Ingibjörg Guðbrandsdóttir | Reykjavík | 7 | 26 | |
| Jón Þórarinsson | Reykjavík | 21 | 69 | |
| Ingibjörg Sigmund | — | 26 | | |
| Jörundur Brynjólfsson | frá Hólum | 25 | 54 | 66 |
| Ingibjörg Benediktsd. | Reykjavík | 57 | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kristín Aradóttir | Reykjavík | 7 | 26 | | | | | | |
| Kristín Þorvaldsdóttir | Viðimýri | 27 | | | | | | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laufey Vilhjálmsdóttir | Reykjavik | 7 | 17 | 26 | 28 | 58 | | | | |
| Lára J. Lárusdóttir | Rvík | 26 | | | | | | | | |

L M N O P Q R S Sch St T U V W Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
| --- | --- | --- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Meulenberg prestur | Landakoti | 5 | 24 | | | | |
| Magnea Johannesen | Reykjavík | 7 | 25 | | | | |
| Maren Pjetursdóttir | Reykjavík | 7 | 16 | 26 | | | |
| Martha Stephensen | — . — | 7 | 26 | | | | |
| Magnea Johannesen | Reykjavík | 12 | 26 | | | | |
| Morten Hansen | — . — | 18 | 31 | 64 | 65 | 67 | 68 |
| Margrjet Þorkelsdóttir | Rvík | 26 | | | | | |
| Matthías Þórðarson | — — | 26 | | | | | |

M N O P Q R S Sch St T U V W Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
|---|---|---|

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
| --- | --- | --- |
| Okeypis kennsla (auglýsing | | 44 |

N O P Q R S Sch St T U V W Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
|---|---|---|
| Ólafía Guðmundsdóttir | Nesi | 27 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
| --- | --- | --- |
| Páll Matthíasson | Reykjavík | 13 |
| Pjetur Hjaltested | — | 26 |
| Pjetur Gunnlaugsson | frá Álfatröðum | 27 |

P Q R S Sch St T U V W Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
| --- | --- | --- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio | |
|---|---|---|---|
| Ragna Stephensen | Reykjavík | 7 | 26 |
| Ragnheiður Blöndal | — " — | 11 | |
| P | | | |

R S Sch St T U V W Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
|---|---|---|

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Sigurbjörn Sveinsson | Bolungarvík | 2 | 26 | | | |
| Stefanía Jónsdóttir | Búrfell | 3. | | | | |
| Sigríður J. Thorlacius | Glaumbæ | 4. | | | | |
| Soffía Jónsdóttir | Reykjavík | 7 | | | | |
| Sigurbjörg Þorláksdóttir | Reykjavík | 7 | 26 | | | |
| Sigfús Einarsson | — " — | 26 | | | | |
| Svava Þórhallsdóttir | Laufási | 25 | | | | |
| Steindór Björnsson | frá Gröf | 25 | 71 | | | |
| Steinunn Bjartmarsd. | Hafnarfirði | 25 | | | | |
| Sigríður Bjarnason | Rodo | 26 | | | | |
| ~~Stj~~órnarráð — | Íslands | 35 | 36 | 47. | 70 | 72 |
| ~~Skól. [illegible]~~ | ~~Rvík~~ | | | | | |
| ~~Stjórnarráð.~~ | ~~Íslands~~ | | | | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
|---|---|---|

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
|---|---|---|

Sch
St
T
U
V
W
Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
|---|---|---|

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
| --- | --- | --- |
| ~~Þorsteinn Jónsson~~ | ~~Dalvík~~ | ~~16~~ |
| Þjóðbjörg Þórðardóttir | Rvík. | 55. |

St T U V W Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio | |
|---|---|---|---|
| Þuríður Jóhannsdóttir | Reykjavík | 7 | 26 |
| Þorst. Björnsson | Reykjavík | 9 | |
| Þóra Friðriksson | — — | 29 | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
|---|---|---|

U V W Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio | |
|---|---|---|---|
| Valdemar Erlendsson | Reykjavík | 8 | 27 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
|---|---|---|

W Z

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Name | Ort | Folio |
|---|---|---|

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

víkur